

Nd.

705. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Á eftir 68. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, með tveimur nýjum greinum, en númer annarra greina, sem á eftir koma, breytist samkvæmt því. Hinn nýi XIII. kafli heiti: **Fylgirit með ríkisreikningi** — og orðist svo:

69. gr. Með ríkisreikningi skal leggja fram greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlaga ársins og breytingar á þeim forsendum. Einnig skal gerð grein fyrir þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu sem áhrif höfðu á niðurstöður ríkisreiknings.

Yfirlit fylgi um aukafjárveitingar ásamt fullnægjandi skýringum. Sýna skal sérstakt yfirlit um frávik ríkisreiknings og samþykktra fjárveitinga, þ. e. fjárlaga, ásamt aukafjárveitingum. Frávikin skulu skýrð sérstaklega og flokkuð eftir einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

70. gr. Með ríkisreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

- a) Heildarlaunagreiðslur.
- b) Föst yfirvinna.
- c) Önnur yfirvinna.
- d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

II. Bifreiðakostnaður:

- a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b) Notkun bílaleigubifreiða.
- c) Notkun leigubifreiða.
- d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

- a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

- a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.